

Bréfi þessu fylgir tryggingayfirlýsing sem sótt var um vegna náms í Bandaríkjunum.

Ekki er hægt að gefa út tryggingayfirlýsingu til námsmanna í lengri tíma en eitt ár. Verður því að sækja um endurnýjun yfirlýsingar að ári liðnu og skila inn vottorði sem sýnir fram á að nám sé enn stundað.

Tryggingayfirlýsingin staðfestir að viðkomandi er sjúkratryggður samkvæmt íslenskum lögum á meðan hann er við nám erlendis. Plaggið sjálf veitir engin réttindi í dvalarlandinu, en með því að framvísa yfirlýsingunni er oft hægt að fá undanþágu frá skyldutryggingum skóla eða fá afslátt af þeim.

Sjúkratryggingar Íslands hvetja námsmenn í Bandaríkjunum til að hafa samband við tengilið í Bandaríkjunum, sjá meðfylgjandi bréf frá GMMI Global.

Ef haft er samband við GMMI Global áður en þjónusta er veitt, greiða sjúkratryggðir einstaklingar á Íslandi bara sjúklingshlut að öðrum kosti ber viðkomandi ábyrgð á þeim sjúkrakostnaði sem til verður vegna veikinda eða slysa. Viðkomandi þarf því sjálfur að greiða allan reikninginn sækja síðan um endurgreiðslu hjá Sjúkratryggingum Íslands ef ekki er haft samband við GMMI Global.

Til að fá endurgreiðslu þarf að framvísa **frumritum af sundurliðuðum reikningum** þar sem fram kemur hvaða þjónusta var veitt auk **staðfestingu á greiðslu**. Ef reikningar eru óskýrir er jafnvel betra að óska eftir læknavottorði.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða sjúkrakostnað að því marki sem hlutur almannatrygginga hefði orðið í sams konar tilviki hér á landi.

Endurgreitt er eftir íslenskum töxtum og alltaf reiknað með að sjúklingur greiði sama sjúklingshlut og hann myndi greiða á Íslandi. Ef heildarupphæð erlends reiknings er hærri en heildarupphæð sambærilegrar þjónustu á Íslandi er heimilt að greiða hlutfall umframkostnaðar sem hér segir:

> < **75.000 - 75% af umframkostnaði**

> **75.000 - 10.000.000 90% af umframkostnaði**

>> **10.000.000 - 100% af umframkostnaði**

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Alþjóðadeildar
Sjúkratrygginga Íslands
international@sjukra.is